

Ed. 572. Frumvarp til laga [294. mál]

um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Á eftir 2. málgr. 12. gr. laganna komi ný málgr. er orðist svo:

Söluaðilum er ekki heimilt að taka meira en 2% af söluverðmæti útfluttra landbúnaðar-
afurða í sölulaun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Það er með öllu óverjandi að sölulaun séu tekin af öðru en söluverðmæti varnings, sama
hværrar tegundar hann er.